



Leiðsögn

03.05.2024

2. hæð Hús fagfélaganna og einnig fjarfundur

Fundinn sátu

- Halldór Kolbeins (HK) Formaður
- Hildur Þöll Ágústsdóttir (HPÁ) varaformaður
 - Jens Ruminy (JR) Gjaldkeri
- Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) Ritari
 - Björn Júlíus Grímsson (BJG) aðalmaður
 - Daði Hrólfsón (DH) varamaður
- Guðbjörn Guðbjörnsson (GG) varamaður
- Óskar Grímur Kristjánsson (ÓSK) varamaður

Fundargerð ritaði

Guðný Margrét Emilsóttir

Dagskrá fundar

Skipan í fagrað
Kjarasamningar
VR
Skjöldurinn

Fagráð

Skipan í fagráð . Stungið var upp á 2 nöfnum , Sigrúnu Eiríksdóttur og Gunnhildi Hörpu Hauksdóttur . Haft hafði verið samband við báðar . Niðurstaða : Gunnhildur Harpa Hauksdóttir var tilnefnd í fagráð .

Kjarasamningur

Framvinda kjarasamninga er hæg en miðar áfram .

Miklar umræður eiga sér stað um hin ýmsu mál sem viðkoma okkar starfi , margt sem fólk hefur áhyggjur af

Stjórn ásamt trúnaðarráði verðum áfram upplýst um gang mála .

VR

Svar VR um væntanlega inngöngu Leiðsagnar í VR hefur borist félaginu . Fundur var haldinn 3 maí 2024 , frá VR mættu Bryndís Guðnadóttir , Ragnar Þór Jónsson og Stefán Sveinbjörnsson , frá Leiðsögn Halldór Kolbeins og Hildur Þöll Ágústsdóttir . Erindi Leiðsagnar var borið upp á stjórnarfundum VR og var samþykkt þar . Skipa þarf í nefnd sem fer í sameiningarvinnu með fulltrúum VR. HK stingur upp á Guðbirni , Hildi Snorra Stein Sigurðssyni og Vilborgu Önnu Björnsdóttur , Vilborg vill ekki sitja fundi en er til ráðgjafar ef þarf, tillaga samþykkt . GME býður sig fram í nefndina . Nefnd VR er skipuð ofangreindum fulltrúum . Formaður VR og HK formaður Leiðsagnar eru sammála um að þetta verði að ganga hratt fyrir sig . GME minntist á önnur félög , hafa erindi um sameiningu verið send á þau og ef svo er , hver eru svörin . Erindi hafa send en engin svör borist .HK fer í að ýta á eftir svörum.

Skjöldurinn

Skjöldurinn er endalaus uppspretta umræðna og sitt sýnist hverjum . Rætt var um eignarhaldið, GME benti á að það væri hjá fyrrverandi fagdeild félagsins .HK benti á að eftir að fagdeild var lögð niður færðist eignarhaldið yfir til stéttafélagsins Leiðsagnar . Fundarmenn hafa mismunandi skoðun á skildinum en eru sammála um að nauðsyn þess að finna farsæla lausn á því hverjir hafi rétt til að nota hann .

Nauðsynlegt er að fá svar um þá skóla sem kenna nám í leiðsögn , uppfylla þeir skilyrði / kröfur um menntun leiðsögumanna.

Niðurstaða umræðna er að leita til Hauks hjá Hæfnissetri Atvinnulífsins og reyna að fá fund með honum sem fyrst , stefnt er á 7 maí næstkomandi ef hægt er .

Önnur mál

Félagsskírteini , tillaga er um að hanna það alveg upp á nýtt , nafn félagsmanns í forgrunni og aðalatriðið

Stefnt er á að halda opinn fund með félagsmönnum þar sem Haukur frá Hæfnissetrinu myndi leiða umræðu um skjöldinn . Enginn ákvörðun tekin um tímasetningu .

Fundi slitið 19,40